

**15. fundur umhverfis - og skipulagsnefndar, haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar, Fjarðarvegi 3, Þórshöfn, mánudaginn 27. september 2011, kl. 12:00.**

Mætt: Steinunn Leósdóttir formaður, Jósteynn Hermundsson, Sóley Indriðadóttir og Vikar Már Vífilsson. Jafnframt sátu fundinn Gunnólfur Lárusson og Helgi Mar Árnason sem ritaði fundargerð.

**Dagskrá:**

**1. Aðalskipulag**

Drög að breyttu aðalskipulagi lögð fram, þar sem tillit hefur verið tekið til athugasemda landeigenda.

*Samþykkt samhljóða með fyrirvara um samþykki Skipulagsstofnunnar.*

**2. MotoCross-braut í Hálsi.**

Stjórn UMFL hefur gert drög að teikningum af motocross-braut sem félagið hyggst gera á svæði ofan við gryfjuna í Hálsi, samkv. samþykkt umhverfis- og skipulagsnefndar frá 5. júlí sl. Félagið hyggst gera löglega keppnisbraut, í samræmi við reglur Mótórhjóra- og snjósléðaiþróttasambands Íslands. Auk þess stefnir félagið á að setja upp aðstöðu fyrir iðkendur í malargryfjunni í Hálsi. Fram kom að UMFL mun kosta framkvæmdina að öllu leyti. *Samþykkt samhljóða að veita UMFL leyfi til að ráðast í framkvæmdina.*

**3. Útivistarsvæði fyrir hunda**

Rætt um möguleika á að skipuleggja svæði í sveitarfélaginu þar sem hundaeigendur geta haft hunda sína lausa, líkt og á Geirsnefi í Reykjavík.

*Sveitarstjóra falið að kanna möguleika og reglur þar að lútandi.*

Fundagerð lesin og samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.00